

## Re: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 546

**Til** : Helga Þuríður Magnúsdóttir  
**Frá** : RARE Apartments <rareapartments@gmail.com>  
**CC** : Heiða Hrund Jack  
**Heiti** : Re: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 546  
**Málsnúmer** : 2020100011  
**Málsaðili** : Dýrleif Ýr Örlygsdóttir  
**Skráð dags** : 09.11.2020 12:17:20  
**Höfundur** : RARE Apartments <rareapartments@gmail.com>

Viðhengi [Screenshot 2020-11-09 at 12.14.56.png](#)[Screenshot 2020-11-09 at 12.14.56.png](#)

Sæl.

Takk kærlega fyrir skjótt svar, við fórum aðeins á map, - tókum mynd af ca teiknuðu draumasvæði. Þetta er þó með smá fyrirvara; við ætlum að útvega betri loftmyndir og þess háttar, en þetta gefur kannski hugmynd.

Kær kveðja

Þórunn og Dýrleif

On 9 Nov 2020, at 11:31, Helga Þuríður Magnúsdóttir <[helgathuridur@isafjordur.is](mailto:helgathuridur@isafjordur.is)> wrote:

Sælar

Getið þið afmarkað draumasvæðið inn á loftmynd? Sjá skjáskot frá kortasjá sveitarfélagsins inni á [map.is](http://map.is)

Hægt að teikna með penna eins og með snipping tool/úrklippur í Windows 10.

Bestu kveðjur,

Helga Þ. Magnúsdóttir

-Tæknideild Ísafjarðarbæjar

Umhverfis- og eignasvið

-----Original Message-----

From: RARE Apartments

Sent: mánudagur, 9. nóvember 2020 10:49

To: Helga Þuríður Magnúsdóttir ; Heiða Hrund Jack

Subject: Re: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 546

Góðan dag.

Varðandi fyrirspurn okkar um vilyrði fyrir notkun á landi Ísafjarðarbæjar í Önundarfirði fyrir „Glamping“.

Hér eru grunn-upplýsingar um hugmynd okkar að Glamping í hlíðinni fyrir ofan Tankinn og Sólbakka 6. Við höfum fengið styrkveitingu frá Þróunarverkefnasjóði Flateyrar, fyrir frekari athugun og aðkomu landslagsarkítektis/fagaðila. Við erum örlítið hikandi við að taka á móti styrknum, þar sem vilyrði frá

Ísafjarðarbæ/skipulags- og mannvirkjanefnd er ekki komið.

Við vonum að þessar upplýsingar veiti nokkra hugmynd um Glamping hugmynd okkar, sem við vonumst eftir að fá að taka á næsta stig

Fyrirhugað er að koma fyrir 10 glamping tjöldum í hlíðinni fyrir ofan Sólbakka. Hvert tjald verður ca 20-30 fm stórt, upphitað með rafmagni og hönnun að innan verður með fagurfræði, þægindi og upplifun að leiðarljósi. Staðsetning tjalda yrði í hlíðunum fyrir ofan Tankinn, þar sem útsýni yfir fjörðinn er magnað. Tjöldin eru sett upp að vori og tekin niður að hausti. Mikilvægt er að framkvæmd verði afturkræf og þannig að rask verði sem minnst.

Markmiðið er að byggja upp nýja tegund upplifunar í ferðapjónustu í Önundarfirði og ná þannig til fleira ferðafólks og gera Flateyri og nærumhverfi enn meira aðlaðandi en þegar er. Að með því að byggja upp jákvæða og nýstárlega ferðaupplifun í nálægð við náttúruna, með magnað útsýni yfir fjörðinn, hafi það jákvæð og eflandi áhrif á svæðið í heild sinni.

Verkefnið byggir á því að sveitarfélagið veiti umsækjendum leyfi til notkunar svæðisins á umræddan hátt en þegar hefur fengist jákvætt vil yrði frá bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar vegna málsins

Í fyrsta áfanga verkefnisins, er gert ráð fyrir að skoða svæðið ítarlega með tilliti til þess hvar staðsetninga tjalda er heppilegust. Til verkefnisins verður ráðinn landslagshönnuður og svæðið teiknað upp. Rafmagns-, og vatnslagnir verða hannaðar af fagaðilum í samræmi við lög og reglur og sömuleiðis salernis-, og sturtuaðstaða. Lögð verður áhersla á að þessi aðstaða falli eins vel inn í umhverfið eins og kostur er og sé sem minnst rask. Einnig þarf að gera ráð fyrir bílastæðum á svæðinu.

Í öðrum áfanga er gert ráð fyrir að hefja vinnu við gerð göngustíga og smíði og uppsetningu á viðarpöllum sem verða undirstaða undir hverju tjaldi. Hönnun rafmagnslagna verður kláruð og lagnir lagðar. Salernis- og sturtuaðstaða byggð upp, gætt verður að því í hönnun og framkvæmd, að bygging falli inn í landslag og valdi ekki sjónmengun. Að auki, er eitt salerni í Tankinum. Bílastæði verða undirbúin og kláruð í næsta áfanga og það verður gert í góðu samstarfi við eigendur Tanksins og Sólbakka 6. Bílastæði eru ekki staðsett við hvert tjald, heldur er gengið frá einu bílastæði, um netta göngustíga upp í tjöldin. Þannig er komið í veg fyrir meiriháttar jarðvinnu upp í hlíðinni, og “útsýnismengun” af bílum.

Verkefnið miðast við hálfis árs rekstur, frá 1. maí til 31. október, þar sem svæðið er skilgreint á snjóflóðahættusvæði. Enginn samkeppnisaðili er nú þegar til staðar, sem býður sambærilega vöru eða þjónustu. Tjaldsvæðið á Flateyri er hefðbundið, býður ekki upp á sambærilega vöru eða þjónustu. Ef litið er til nálægðra byggða svo sem Þingeyrar, Suðureyrar, Bolungarvíkur og Ísafjarðar, þá er sambærileg þjónusta ekki til staðar. Það má því segja að gat sé á markaðinum og því kjörið tækifæri að fylla upp í það. Í markaðsátaki verður lögð áhersla á að gestir njóti þess sem svæðið hefur upp á að bjóða: Veitingastaða og afþreyingarmöguleika sem í boði eru, svo sem kajak-, göngu-, hjóla og sundferða.

Gert er ráð fyrir að a.m.k. tveir starfsmenn hafi atvinnu af verkefninu til að byrja með, við þjónustu við svæðið; þríf, móttöku þvott o.s.frv. Öll vinna við aðstöðusköpun verður unnin af fólki á svæðinu. Stærsti ávinningurinn fyrir Flateyri yrði hins vegar jákvæð áhrif á samfélagið allt, með fjölgun

ferðamanna á svæðinu.

Gisting í lúxus tjöldum, eða Glamping hefur notið vaxandi vinsælda og áhuga hér á landi undanfarin sumur og þá sérstaklega nýliðið sumar á meðal Íslendinga. Víða erlendis er þetta orðið nokkuð þekkt og eftirsótt ferðaupplifun. Enn þó það einungis örfá svæði hérlandis sem bjóða upp á þessa þjónustu.

Ljóst er að erlendir ferðamenn eru í síauknum mæli að leita að öðruvísi upplifun og þá oft með það að markmiði að komast nær óspilltri náttúru. Þannig verður að mati umsækjenda aukin eftirspurn eftir upplifun sem felur í sér meiri tengingu og nálægð við náttúruna.

Umsækjendur eru Dýrleif Ýr Örlygsdóttir og Þórunn Ásdís Óskarsdóttir sem eiga og reka fyrirtækið Sjöfimm ehf. Dýrleif er félagsfræðingur að mennt og hefur klárað öll fög í Mastersnámi HÍ: Stjórnun og Stefnumótun. Þórunn Ásdís er viðskiptafræðingur og leiðsögumaður að mennt. Umsækjendur hafa rekið fyrirtæki í ferðaþjónustu í 5 ár, við skammtímaleigu íbúða til erlendra ferðamanna í Reykjavík, Reykholti, á Akureyri og Flateyri.

Þá má geta þess að Þórunn er jafnframt einn eigenda Tanksins á Sólbakka. Aðrir eigendur Tanksins eru Júlíus Þorfinnsson (maður Þórunnar) og Karl Hjálmarsson. Síðustu árin hefur verið unnið að viðgerðum og endurbótum á Tankinum og eru þær framkvæmdir komnar vel á veg. Eigendur Tanksins hafa lýst yfir vilja til samstarfs um Glamping verkefnið. Tankurinn er einstakt hús og og eitt af því fáa sem minnir á glæsta fortíð Sólbakka sem eins fjölmennasta atvinnusvæðis á landinu, bæði á hvalaveiði- og síldarvinnslutímanum sitthvorum megin við þarsíðustu aldamót. Uppbygging ferðaþjónustu á Sólbakka gæti fært Tankinum tilgang og um leið gert það kleyft að Tankurinn sé opinn öllum, um leið og merkri sögu Sólbakka væri haldið til haga.

Hér í viðhengi eru örfáar myndir, sem geta gefið smá hugmynd um Glamping tjöld osfrv.

Við vonum að við heyrum í ykkur sem fyrst, Kær kveðja og bestu þakkir Þórunn Ásdís Óskarsdóttir og Dýrleif Ýr Örlygsdóttir